

Betri tækni minnkar geislaskammta

Geislun sem fólk verður fyrir í röntgentækjum tannlækna er mjög lítil í samanburði við geislun röntgentækja á sjúkrahúsum. Jafnvel þótt tekið sé tillit til þess hversu algengar röntgenmyndatökur af tönnum eru, verður áætluð geislun þjóðarinnar vegna notkunar röntgentækja hjá tannlæknum aðeins um 1% af heildargeislaálagi vegna röntgentækja (sbr. skýrslu frá árinu 1994.) Við reglubundið eftirlit Geislavarna ríkisins með tannröntgentækjum hefur komið í ljós að geislaskammtar hjá tannlæknum hafa á undanförunum árum minnkað enn frekar. Þetta er vegna þess að nær allir tannlæknar nota nú næmari filmur en árið 1994 og vegna þess að nokkur hluti þeirra notar nú stafræna myndnema sem þurfa enn minni geislun en filmurnar.

Í nýrri reglugerð um geislavarnir vegna notkunar tannröntgentækja frá árinu 2003 er ákvæði um að tannlæknar noti almennt næmari filmur, svokallaðar E filmur (E eða F filmur) í stað D filma. Fram til ársins 2002 notuðu nær allir íslenskir tannlæknar D filmur en nú heyrir það til undantekninga. Með E eða F filmum er hægt að komast af með 50% minni geislaskammta en ekki er víst að allir tannlæknar nái þeim árangri.

Notkun stafrænnar tækni við röntgenmyndatöku hjá tannlæknum hefur einnig aukist en sú þróun er hægari. Í dag er áætlað að um 10% tannlækna séu með slík tæki en gera má ráð fyrir því að stafrænir nemar þurfi eingöngu fjórðung af þeirri geislun sem filmur þurfa. Stafrænir myndmiðlar eru í sókn hjá tannlæknum, eins og annars staðar í lækniþæðilegri myndgreiningu og má búast við því að filmunotkun hverfi smá saman.

Grundvallarregla Alþjóðageislavarnaráðsins vegna notkunar jónandi geislunar við skjúkdómsgreiningu er að geislaskömmtum skuli haldið eins lágum og unnt er með skynsamlegu tilliti til aðstæðna svo og að ávinningur sjúklings skuli ætíð vera meiri en áhætta af hennar völdum (ICRP, 1990). Vegna þess að hægt er að ná góðum myndum til skjúkdómsgreiningar af tönnum með næmari filmum og með stafrænni tækni er augljós framför í því frá sjónarhorni geislavarna að nota þessa nýju tækni. (Þ.S.2006)

Geislavarnir ríkisins
heimasíða <http://www.gr.is/frettir/nr/225>

Athugasemd frá Tryggingastofnun ríkisins

Tryggingastofnun ríkisins hefur beðið félagið að koma á framfæri athugasemdum vegna þess að kenntitölu tannlækna vantar á æ fleiri reikninga til Tr vegna tryggðra sjúklinga.

Ástæða þessa er að fleir tannlæknar eru nú með stofur reknar sem einkahlutafélög sem eru með sína kenntitölu. Tr telur aftur á móti að hver læknir sé ábyrgur fyrir reikningum tannlæknlisverka og því verði kenntitöla tannlækna að koma fram á reikning sem framvísað er til Tr.

Hér er um vinnureglu Tr að ræða sem er auðvelt að uppfylla. Á hinn bóginn er það vissulega vert athugunar hvort þessi vinnuregla breytir einhverju um skattalega meðferð tekna einkahlutafélags sem gefur út reikning fyrir veitta þjónustu á kenntitölu fyrirtækisins.

Meðan ekki er annað upp á teningnum en að hér sé um eðlilega beiðni að ræða þá beinir félagið þeim tilmælum til tannlækna og fyrirtækja þeirra að tryggja að kenntitölu tannlækna komi fram á reikning fyrir veitta læknisþjónustu.

1. Samkvæmt samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA skal starfsmanni, sem er í starfi í júníbyrjun 2006 og hefir starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í a.m.k. 12 mánuði, tryggð að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Hafi launahækkun starfsmannsins verið minni á tímabilinu skulu laun hans hækka frá 1. júlí 2006, um þá upphæð sem á vantar til að 5,5% hækkun sé náð.

2. Lágmarks byrjunarlaun hækki 1. júlí 2006 um kr. 15.000 þ.e. verði 165.000 þúsund fyrir tanntækna og 150 þúsund fyrir aðstoðarfólk.

3. Laun hækka um 0.65% umfram umsamdar launahækkanir þann 1. janúar 2007.

Starfsmannafjöldi í nokkrum heilbrigðisstéttum á Norðurlöndunum

26/04/2006

Vegna umræðu um skort á starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni er athyglisvert að bera starfsmannafjöldann okkar saman við hin Norðurlöndin. Vegna fámennis á Íslandi getur verið eðlilegt að starsmannafjöldinn í ákveðnum heilbrigðisstéttum pr. 100.000 íbúa sé í hærrí kantinum hér miðað við hin Norðurlöndin. Hinsvegar sýna neðangreindar tölur að hér er hlutfall hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða greinilega talsvert lægra en í nágrannaríkjum okkar. Mun ég ræða við menntamálaráðherra á næstunni um hvernig við getum bætt úr þessari stöðu.

Starfandi tannlækna, lækna og hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða í heilbrigðis- og félagsþjónustu fyrir hverja 100.000 íbúa árið 2003.

Heimild: Health Statistics in the Nordic Countries 2003. Nordic Medico Statistical Committee 73:2005.

.....Ísland /Danmörk /Finnland /Noregur /Svíþjóð

*Hjúkrunarfr..... 851/ 970/ 870/ 1443/ 954
Læknar..... 362/ 300/ 216/ 313/ 319
Tannlæknar.... 99/ 85/ 46/ 82/ 82
Sjúkraliðar..... 510/ 491/ 644/ 1520/ 1286
Aðrir 1063(Danmörk)
(andret plejepersonale/
other care personnel)*

*Af heimasíðu heilbrigðisráðherra
Siv Friðleifsdóttur*



Frá formanni

Nú hallar sumri og hjól félagsstarfs og þjóðlífs fara að snúast á nýjan leik.

Þó ekki fari mikið fyrir sumarstarfi félags eins og TFÍ þá er nóg á könnu félagsins. Uppbygging félagsheimilisins gengur vel, en vart verður sagt að eftirlitsiðnaðurinn hafi verið okkur hliðhollur. Allt borgarkerfið er lamað eftir kosningar og sumarfrí og er rétt að hokta í gang í lok sumars. Teikningar hafa ekki fengið endanlegt samþykki og grenndarkynningu vegan útlitsbreytinga lauk ekki fyrr en í lok júlí.

Endurnýjun salarins er algjör. Segja má að hæðin hafi verið rúmlega fokheld þegar allt hafði verið fjarlægð sem ekki hefur þolað nag tannar tímans. Við munum fá heimili fyrir félagið sem hæfir okkar stétt og okkar starfi.

Félagsheimilið verður tilbúið um áramót.

Fram að því mun félagið njóta útsjónarsemi framkvæmdarstjóra sem útvegaði húsnæði fyrir skrifstofu og stjórn á met tíma.

Stjórn mun leggja fyrir næsta aðalfund í október tillögur að breyttum lögum fyrir félagið. Lagt er upp með að koma lögnum í það horf að stjórn verði skilvirkari og eitthvað hægi á hinum öru skiptum stjórnarmanna. Félagar munu fá tillögur stjórnar til skoðunar með nægum fyrirvara og svo getur hver sem er komið með tillögur til aðalfundar. Tvo þriðju atkvæða á aðalfundi þarf til að lagabreytingar gangi í gegn. Þó hér sé um nokkrar breytingar að ræða þá tel ég að þær muni njóta velvildar og skilnings félagamanna, en auðvitað þarf að ræða þær og kryfja.

Siðareglur félagsins eru einnig til endurskoðunar. Siðfræðistofnun HÍ kemur þar að en engar grundvallarbreytingar verða gerðar á starfsreglum okkar af einhverjum öðrum en okkur.

Ný heimasíða er enn í uppsetningu en vonandi sér fyrir endann á því verkefni fyrir aðalfund. Góðar tillögur eru vel þegnar um efni og efnistöð á heimasíðu. Þarf að vera lokaður aðgangur að hluta hennar? Eiga að vera auglýsingar á síðunni?

Við endurnýjum félagsheimilisins og afmæli félagsins á næsta ári verður leitað til þeirra aðila sem sjá okkur fyrir vörum og þjónustu með að koma salnum tæknilega og útlitslega í það horf að engum detti í hug að fara annað með minni fyrirlestra og kynningar fyrir okkur tannlækna. Vona ég að þessir aðilar og fyrirtæki bregðist vel við, enda allra hagar að félagsheimilið nýttist sem best.

Fjárlög næsta árs munu marka stefnu opinberra aðila til tannlækninga og til fyrirbyggjandi starfs vegna munnsjúkdóma. Það sem ætlað er í málaflokkinn mun ráða hvort þörf er á einhverjum samskiptum og samvinnu á næstu árum. Ég er fylgjandi því að mögulegt sé að hafa samstarf við hið opinbera um málefni tannlækna og tannlækninga. Það ætti vissulega að vera allra hagar. En tvo þarf til.

Með kveðju Sigurjón Benediktsson

Um VEIT

Virk endurmenntun íslenskra tannlækna hlýtur að þurfa endurskoðunar við. Stjórn í samráði við umsjónarnefnd hefur hug á að koma þessum málum í það horf að sýnileg endurmenntun verði eftirsóknarverður kostur í stéttinni. Meta verður hvort eðlilegt sé að félagið haldi utan um þá uppsöfnun endurmenn-tunarpunkta eða utanaðkomandi aðili sé betur til þess fallinn. Til þess að eðlilegt mark sé tekið á kerfi endurmenntunar þurfa kröfur og mælikvarði að vera skýr og klár. Félagar hvattir til að koma með ábendingar og skila inn skráningum.

Munið aðalfund og ársþing dagana 5.- 8. október 2006

Tillögur til aðalfundar verða að berast stjórn eða framkvæmdastjóra minnst þremur vikum fyrir aðalfund til að komast inn á dagskrá aðalfundar.

Þar sem engin árshátið er þetta árið er tilvalið að árgangar komi saman og geri sér glaðan dag

ÚTGEFANDI :
TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
SÍÐUMÚLA 35
105 REYKJAVÍK
SÍMI 575 0500
TANNSI@TANNSI.IS

[HTTP://WWW.TANNSI.IS/](http://www.tannsi.is/)

RITSTJ. OG ÁBM:
SIGURJÓN BENEDIKTSSON
SIGURJONHUSAVIK.COM

Áhugaverð grein

Hausverkur - Tannlæknir?

Ég vildi bara skrifa hingað inn litla grein til að segja frá minni sögu!

Þannig er mál með vexti að ég byrjaði þegar að ég var 14 ára að fá alveg hreint hræðileg höfuðverkjaköst, alltaf öðru megin í höfðinu. Þessi hausverkur hrjáði mig mjög mikið og með árunum jókst hann aðeins. Ég fór til fjöldan allra af læknum og í hinar ýmsu rannsóknir en því miður kom ekkert út úr þessu öllu. Þetta var farið að stjórna mínu lífu algjörlega - ég vissi að ef ég fékk ekki næga hvíld að þá ætti ég það á hættu að þurfa að liggja allan næsta daginn. Þegar ég var orðin sem allra verst, á aldrinum 18-20 ára, þá var ég farin að missa úr skóla 2-3 daga í hverri viku. Ef ég var ekki með hausverkin þá var ég með í maganum af stressi við það að ég gæti verið að fá hausverk. Eins og áður sagði þá fundu lækna engin svör við þessu og flestir höfðu dregið þá ályktun að ég væri með mígreni, þar sem að hausverkurinn var alltaf á sama stað - hægra megin í höfðinu í kringum augað, og í eitt skipti var ég meira að segja lögð inn vegna þess að þetta var alveg að gera útaf við mig. Mér var ráðlagt að sleppa alveg við rauðvín og osta.....bara allt þetta sem að mígrenissjúklingum er ráðlagt, og það gerði ég, reyndar drekk ég ekki einu sinni þannig að það var ekkert vandamál.

Síðan þegar að ég var rúmlega tvítug þá ákvað ég að skipta um tannlækni, vera með sama tannlækni og maðurinn minn. Það var svo sem engin sérstök ástæða fyrir því, bara þægilegt að vera á sama stað! Í fyrsta tímanum hjá nýja tannlæknum var bara skoðun, ég bað hann að kíkja á rótfullta tönn hægra megin sem að var eitthvað að pirra mig. Hann tók af þessu mynd og kom svo aftur til mín og var ansi skríttinn á svipinn. Hann spurði hvort að ég væri ekki alveg að drepast í tönninni og hvort að ég væri með einhver önnur einkenni; ég varð bara frekar hissa! Nei!!!! kannski ekki, bara svona pirringur.....annars er ég nú alltaf með hausverk hægra megin þannig að það er kannski ekkert skrítið þó að ég sé ekkert að spá í einhverri tönn: sagði ég. Hann sagði að honum þætti það nú ekkert skrítið, að tönnin hefði verið offyllt þegar að hún var rótfullt. Þ.e.a.s. efnið sem að á að vera í rótargöngunum og vera kannski 2-3mm, stóð kannski 1-2cm upp úr tönninni. Þar var það bara eins og þrjónn og nuddaði taugar og eitthvað alls konar svoleiðis sem að ég kann ekki að henda reiður á. Ég átti bara ekki von á neinu þessu líku, og greinilegi ekki heldur þessi nýji tannlæknir minn, sem að neitaði gjörsamlega að koma nálægt munninum á mér fyrr en að sérfræðingar hefðu litið á þetta.

Ég fékk tíma hjá kjálkaskurðlækni og hann sagði að ég þyrfti að koma í uppskurð sem allra, allra fyrst. Og tveimur dögum seinna þá var ég kominn í stólinn hjá honum, þar sem að ég lá vakandi meðan að ég var skorinn upp í munninum og þetta efnið hreinsað út! Ca. mánuði síðar þurfti ég síðan að fara í aðra aðgerð þar sem að annar skurðlæknir þurfti að hreinsa út meira jukk úr munninum á mér.

En eftir fyrstu aðgerðina hvarf hausverkurinn!!!! Og í dag er ég 25 ára og er laus við þennan hræðilega verk!

Rótarfyllingin fór fram um vorið þegar að ég var 14 ára og um jólin þegar að ég var 14 ára fór ég fyrst og kvartaði yfir hausverk hægra megin. Hausverkurinn hvarf þegar að rótarfyllingin var hreinsuð upp. 2+2=4 ekki satt?

Hausverkurinn sem að kvaldi mig í rúm 7 ár og stjórnaði lífi mínu var farin, ég gæti ekki verið ánægðari með það. Aðgerðin til að laga til eftir þessa rótarfyllingu kostuðu mig fyrir 5 árum ca.60.000 kall. Allur peningurinn á þessum 7 árum sem að fór í lækna og lyf er meiri en ég hef tölu á!

Ég talaði við lögfræðing og hann fór með málið mitt fyrir rétt, þar var það dæmt að greinilegt orsakasamband væri á milli hausverkjarins og rótarfyllingunnar en að um væri að ræða ÓHAPP hjá gamla tannsanum en ekki MISTÖK. Einnig var um það rætt að ég hafði aldrei sagt honum frá hausverknum! Ég tapaði málinu!

Þar með er ég loks komin að ástæðu þess að ég skrifa þessa grein- ég er svo vitlaus að mér datt ekki í hug að tala við tannlæknum minn og segja honum frá hausverknum mínum. Ekki frekar en heimilislæknirinn eða allir hinir spurðu mig út í tennurnar mínar! Þannig vona ég að ef að þið þekkið einhvern sem að þjáist af óútskýranlegum hausverk eða mígreni sem að er ekki mígreni, spáið í allt!!! Spurjið alla og athugið á ykkur tennurnar ;)

Kveðja

Þessi saga er tekin óbreytt af netinu. Hún er ekki ný, er síðan 2002. Hún á erindi til okkar tannlækna. Allir sem rótfylla tennur vita að það getur gerst að rótfylling fari út fyrir rötarenda, það hendir okkur öll fyrr eða síðar, rætur geta resorberast o.fl.. Það er ekki aðalatriði málsins. Að í sjö ár hafi enginn, ekki tannlæknirinn, enginn læknir, enginn, tekið eftir því eða reiknað með að eitthvað væri að tönnnum stúlkunnar, ekki einu sinni reiknað með því að tennur valdi einu eða neinu,**það** er íhugunarvert.



fréttabréf tannlæknafélags íslands

ágúst 2006

Tannsteinar



Uppbygging félagsheimilisins verður sagnfræði næstu tannlæknakynslóða. Tannsteinar dagsins eru tileinkaðir gamla félagsheimilinu



Tanntækna, sem óska eftir starfi: 09.08.2006.

Stefanía Ástþórsdóttir

Fædd 1977

Langholtsvegi 122

104 Reykjavík

Sími: 533-1112 og 694-5352

Óskar eftir 60-80% starfi

Arna Rún Cesarsdóttir

Fædd 1983

Skessugili 6

600 Akureyri

Sími: 567-6903 og 863-3743

Óskar eftir hlutastarfi á Akureyri

Salóme Gunnarsdóttir

Fædd 1969

Rauðagerði 63

Sími: 588-6887 og 867-1059

108 Reykjavík

Óskar eftir 60-80% starfi fyrri hluta dags

Auður Sandra Grétarsdóttir

Fædd 1977

Krummahólum 53

Sími: 557-3676 og 895-9157

111 Reykjavík

Óskar eftir 100% starfi.

Getur byrjað um miðjan ágúst.

Heiða Rós Eyjólfsdóttir

Fædd 1974

Blikaási 11

Sími: 562-1408 og 862-3797

221 Hafnarfjörður

Óskar eftir 70-100% starfi,

Síðustu vinnuveitendur:

Engilbert Snorrason

og Gunnar E.Vagnsson.

Hrund Pálmadóttir

Fædd 1974

Fellsmúla 13

Sími: 588-4002 og 695-2200

108 Reykjavík

Fréttabréf Tannlæknafélagsins er opið öllum félagsmönnum. Sérstaklega eru formenn nefnda hvattir til að koma með efni í fréttablaðið. Blaðið verður sent á prentuðu formi í pósti til maí 2007 en síðan einungis á rafrænu formi. Þeir sem ekki hafa fengið sér tölvu og lágmarks-kunnáttu á gripinn ættu að drífa í því strax í dag. Það er bæði ódýrara og þægilegra að hafa samband um tölvu og tannlæknar verða að fara að komast inn í nútímann.

*Lumar þú á einhverri stuttri skemmtilegri tannlæknasögu, sögu af tönnnum eða einhverju tengdu okkar fagi?
Hafðu samband
tannsi@tannsi.is*

Hugmyndir að innleggi á nýja heimasíðu eru vel þegnar